

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 94/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hirti Hafsteini Halldórssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Héraðsdóm kvað upp Skúli Bjarnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu að ósk ákærða með stefnu 10. mars 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Agrip barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing samkvæmt ákæruskjali 29. maí 1980, þó svo, að fyrir Hæstarétti er felld niður úr ákæruskjali ívitnun í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds í málinu.

I.

Í ákæruskjali 29. maí 1980 er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa ekið bifreiðinni E 2215 sunnudag 5. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis „frá tjaldstæði í þjóðgarðinum eftir akveginum um þjóðgarðinn, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á móts við söluskálann.“

Verjandi telur, að öll lýsing ákæruskjals á stað, þar sem brot ákærða á að hafa verið framið, sé svo ónákvæm, að óviðhlítandi sé, sbr. 2. mgr. 3. tl. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, 19. gr. Hefði héraðsdómara því bor-

ið að vísa ákæru frá dómi. Það hafi hann ekki gert, heldur ranglega lagt efnisdóm á málið. Leiði þetta til þess, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærinni frá héraðsdómi.

Ákæruskjali er vissulega áfátt um verknaðarlýsingu að því er varðar tilgreiningu á brotastað, þar sem talað er um „þjóðgarðinn“ og „söluskálann“ án nánari skýringar.

Málið var hér fyrir dómi flutt með sérstakri hliðsjón af greindum annmarka á ákæruskjali, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi gat ákærði velkst í vafa um, hvaða þjóðgarð væri átt við í ákæruskjali, þ. e. friðlýsta svæðið á Þingvöllum, og um hvaða söluskála væri að ræða. Er og tímasetning fullnægjandi í ákæruskjali, og aðrir verknaðarþættir en um stað brotsins eru glögglega greindir. Þykir samkvæmt þessu unnt að leggja efnisdóm á málið.

II.

Verjandi lagði fram vörn sína í héraði á dómþingi 3. september 1980. Óskaði hann þá jafnframt eftir framhaldsrannsókn samkvæmt því, sem bókað er í þingbók. Af þessu til efni aflaði héraðsdómari nokkurra gagna um skráningu í opinberum bókum varðandi blóðsýni, er tekið var úr ákærða 5. ágúst 1979. Á dómþingi 2. janúar 1981, er héraðsdómarinn háði, lagði hann fram auk bréfa sinna til lögreglustjórans í Reykjavík bréf frá hinum síðarnefnda, þar sem staðfest var, „að blóðtökupoli sýnis nr. 647/1979“ væri ákærði í þessu máli. Þá var einnig lagt fram ljósrit af skráningu lögreglunnar í Reykjavík í viðkomandi bók á blóðsýni þessu, þar sem m. a. kemur fram skráningarnúmer og að það sé úr ákærða, sem nafngreindur er. Var málið nú dómtekið að svo vöxnu. Á dómþinginu 2. janúar 1981 voru hvorki ákærði né verjandi hans samkvæmt því, er greinir í þingbók. Fullyrðir verjandi, að þeim hafi eigi verið tilkynnt um þinghald þetta. Telur hann, að af þessum sökum beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá þinghaldi 2. janúar 1981 að telja.

Héraðsdómara bar að tilkynna verjanda ákærða um framangreint þinghald. Gagna þeirra, er fram voru lögð, var aflað í tilefni af ósk verjanda um frekari rannsókn á blóðsýni ákærða. Gögnin voru samkvæmt framansögðu tvö vottorð frá lögreglustjóranum og lögreglunni í Reykjavík. Þegar þetta er virt, þykir greindur ágalli á meðferð málsins ekki eiga að varða ómerkingu dómsins og meðferðar máls frá 2. janúar 1981. Kröfu verjandans, er að þessu lýtur, er því hrundið.

III.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Fyrir dóm komu þrír lögreglumenn, sem voru í lögreglubifreiðinni, er ók uppi bifreið ákærða, E 2215, hinn 5. ágúst 1979, en þeir stöðvuðu akstur hans og fluttu hann til Reykjavíkur. Merkti einn þeirra með krossi á uppdrátt yfir þjóðgarðinni á Þingvöllum stað söluskálans, er í ákæruskjali greinir, svo og brekkuna, sem þar er getið um. Var þessi staðsetning borin undir hina tvo, er staðfestu hana. Þá skýrðu þeir allir frá akstri lögreglubifreiðarinnar og einn þeirra frá akstri og akstursleið ákærða í umrætt skipti. Þeir voru samsaga um, að þeir hefðu stöðvað bifreið ákærða í brekkunni eða á milli söluskálans og brekkunnar og í grennd við rimlahlið að sögn tveggja þeirra.

Að vísu var liðið á þriðja ár frá því að það brot ákærða telst framið, sem hann er saksóttur fyrir, þegar lögreglumennirnir komu fyrir dóm. Allt að einu verður samkvæmt sakargögnum að telja sök ákærða sannaða. Varðar atferli ákærða hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, er greinir í ákæruskjali. Brot ákærða er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um öku-leyfisviptingu með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 svo og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

Á rekstri málsins í héraði er sá aðfinningarverði ágalli,

er að framan greinir, um boðun þinghalds 2. janúar 1981 og framlagningu gagna þá.

D ó m s o r ð:

Akærði, Hjörtur Hafsteinn Halldórsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Akærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 6. janúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. janúar sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara höfðað gegn akærða, Hirti Hafsteini Halldórsyni byggingameistara, Vesturgötu 139 á Akranesi.

Málið er höfðað gegn akærða með ákæruskjali, dagsettu 29. maí 1980, „fyrir að aka sunnudaginn 5. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni E 2215 frá tjaldstæði í þjóðgarðinum eftir akveginum um þjóðgarðinn, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur akærða á móts við söluskálann.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að akærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 20. júlí 1940 í Hafnarfirði og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1959 11/2 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólæti.

1959 5/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 14/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. og 19. gr. umferðarlaga.

1966 11/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Sýknaður af

- ákæru um meint brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
- 1967 24/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur öku-
leyfi í 4 mánuði frá 20/3 1967.
- 1967 28/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 5 mánaða
fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá uppsögu dómsins,
fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga. Greiði Guð-
mundi Ómari Dagbjartssyni skaðabætur, kr.
71.033.43.
- 1973 5/1 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248.,
256. og 261. gr. hegningarlaga.
- 1978 20/7 á Akranesi: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2.
mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr.
24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/7
1978.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 5. ágúst 1979, um kl. 8 um morguninn, er lög-
reglan í Reykjavík var á ferð um þjóðgarðinn á Þingvöllum,
veitti hún athygli bifreiðinni E 2215, er var ekið inn á veginn
fyrir framan lögreglubifreiðina. Er lögreglumennirnir óku fram
úr bifreið þessari, virtist þeim ökumaður hennar vera drukinn.
Var bifreiðin því stöðvuð og haft tal af ökumanninum, sem reynd-
ist vera ákærði í máli þessu. Neitaði hann að hafa drukkið. Þar
sem sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans og augun voru fljót-
andi, var hann færður til Reykjavíkur, þar sem tekin var af hon-
um varðstjóráskýrsla. Jafnframt var honum tekið blóð til alkóhól-
rannsóknar, og var blóðsýnið merkt nr. 647.

Hjá lögreglunni bar ákærði, að hann hefði verið við drykkju
kvöldið áður og drukkið whisky. Kvaðst hann hafa verið við
drykkjuna í tjaldi á Þingvöllum og hafi hann drukkið frá því
kl. 21 um kvöldið til kl. 24. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið
áfengi, eftir að akstri lauk.

Ákærði staðfesti fyrri framburð sinn, er hann kom fyrir saka-
dóm Akraness. Kvaðst hann jafnframt undrast niðurstöðu
alkóhólrannsóknar, en samkvæmt henni reyndist magn alkóhóls
vera 1.47‰, en ákærði taldi sig ekki undir áfengisáhrifum við
aksturinn.

Í varðstjóráskýrslu er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst
svo: áfengisþefur af andardrætti talsverður, andlit (litarháttur)

eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í máli þessu. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu. Þá krefst hann og málsvarnarlauna, að mati réttarins, til handa skipuðum verjanda sínum.

Ákærði krefst þess jafnframt, að málinu verði vísað frá ex officio, þar sem ákæran sé ekki í samræmi við 115. gr. laga nr. 74/1974. Þar sé einungis talað um þjóðgarð, en ekki hvaða þjóðgarð. Þá sé því haldið fram í ákæru, að lögreglan hafi stöðvað ákærða móts við einhvern söluskála, en ekki í einhverri brekku, eins og fram komi í lögregluskýrslu.

Matsatriði hlýtur að vera hverju sinni, hversu nákvæmlega meintur brotastaður er tilgreindur í ákæru, enda segir í tilvitnuðu lagaákvæði, að stað og stund afbrotsins skuli tilgreina „eftir föngum“. Ekki leikur á tveim tungum, hvar afbrot það, sem ákærða er gefið að sök, var framið, og verður því frávísunarkrafa ákærða ekki tekin til greina.

Sýknukrafa ákærða er studd þeim rökum, að lýsing á ölvunarástandi fái ekki samrýmst niðurstöðu alkóhólrannsóknar, enda hafi ákærði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Telur ákærði, að þessi niðurstaða í alkóhólrannsókninni geti ekki átt við sig, og mótmælir því, að hún verði lögð til grundvallar dómi í máli þessu. Því telur ákærði, að eigi sé sannað lögfullri sönnun, að hann hafi ekið bifreiðinni í umrætt skipti undir áhrifum áfengis. A. m. k. sé vafinn það mikill, að eigi geti komið til sakfellingar.

Dómarinn lét af þessum sökum kanna í blóðbókum lögreglunnar í Reykjavík, hver væri skráður blóðtökupoli sýnis nr. 647/79. Reyndist það vera ákærði í máli þessu, og var niðurstaða alkóhólrannsóknar þar skráð hin sama.

Þá kannaði dómarinn einnig símleiðis þann 5. janúar sl. hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði, hver væri niðurstaða rannsókna á nefndu sýni. Reyndist henni bera saman við aðrar niðurstöður.

Telja verður, að með niðurstöðum alkóhólákvörðunar, játningu ákærða um neyslu áfengis kvöldið áður, lýsingum í lögregluskýrslum á ölvunarástandi ákærða svo og öðrum gögnum málsins sé fram komin nægjanleg sönnun fyrir því, að ákærði hafi að morgni sunnudagsins 5. ágúst 1979 ekið bifreið sinni, E 2215, undir áhrifum áfengis innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þykir brot ákærða rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en eins og sakavottorð ákærða ber með sér, er um ítrekað brot að ræða.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Hafsteinn Halldórsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 2.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
